

Til minnis

Ferðatrygging

Minnt skal á ferðatryggingar sem í gildi eru fyrir alla starfsmenn ríkisins að því tilskildu að fyrir brottför hafi allur gjaldfallinn ferðakostnaður viðkomandi starfsmanns verið greiddur hjá íslenskum ferðasala með skuldfærslu á annað hvort VISA-kortareikning eða EUROPAY/masterCard-reikning. Til þess að starfsmenn geti nýtt sér ferðatrygginguna þarf viðkomandi stofnun að stofna kortlausan reikning hjá banka eða sparisjóði og gjaldfæra ferðakostnað á hann.

Fjármálaráðuneytið gerði á árunum 1999-2000 samkomulög við báða framangreinda aðila um þetta atriði.

Í samkomulaginu felst m.a.:

- Starfsmenn eru tryggðir á ferðalögum á vegum ríkisins skv. tryggingaskilmálum sem fylgja silfurviðskiptakortum (VISA) eða almennum gullkortum (EUROPAY).
- Þeir starfsmenn sem sjálfir eru handhafar korta er veita meiri réttindi, njóta þeirra réttinda þótt farmiðinn sé greiddur af ríkissjóði.
- Kortlaus reikningur innan hvernar ríkisstofnunar er henni að kostnaðarlausu.
- Stofnanir fá betri upplýsingar um ferðatilhögun því að reikningnum fylgir sundurliðað yfirlit yfir það sem keypt er.

Þær slysatryggingar sem starfsmenn ríkisins njóta skv. kjarasamningum, koma fram í reglum nr. 30/1990, um skilmála slysatrygginga ríkisstarfsmanna vegna slysa starfsmanna í starfi, og hins vegar í reglum nr. 31/1990, um skilmála slysatrygginga ríkisstarfsmanna vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir utan starfs. Tryggingarnar ná til dánarbóta og bóta vegna varanlegrar örorku, hvort tveggja af völdum slysa. Að auki eru í gildi reglur nr. 281/1988, um farangurstryggingar starfsmanna á ferðalögum á vegum ríkisins.

Ferðatryggingar þær sem felast í tilboði VISA/EUROPAY eru umfangsmeiri en þær sem tilgreindar eru hér að framan og taka til fleiri þátta. Með því að bjóða upp á þennan valkost fyrir ríkissjóð er verið að auka réttindi starfsmanna til bóta vegna slysa og óhappa sem verða í ferðalögum erlendis á vegum ríkisins þó þannig að bætur skv. þessari nýju tryggingu koma til frádráttar slysabótum skv. reglum nr. 30-31/1990 eftir því sem við getur átt. Sama gildir um farangurstrygginguna. Ekki er um að ræða að tvítryggja sama slysatilvik á kostnað ríkisins.

Áréttað skal að þessi leið er kaupendum að kostnaðarlausu.

Tryggingamiðstöðin, s. 515-2000, annast uppgjör bóta. Sjá nánari upplýsingar um ferðatrygginguna á vefsíðu félagsins: www.tmf.is.